



Borgarráð

Reykjavík, 16. desember 2024
MSS24120070

Samkomulag við Dansverkstæðið

Lagt er til að borgarráð samþykki viðbótarhúsnæðisstyrk að upphæð 14,6 mkr. til Dansverkstæðisins og felli niður vexti upp á 0,4 m.kr. Fjármagnið verði tekið af ófyrirséðum kostnaði og alfarið skuldajafnað upp í skuld Dansverkstæðisins við Eignasjóð.

Greinargerð:

Samningur Reykjavíkurborgar við Dansverkstæðið var fyrst gerður 2017. Samningurinn hefur tvívegis verið endurnýjaður. Samningurinn kveður á um greiðslu Danshússins á almennum rekstrarkostnaði húsnæðis með greiðslu á innri leigu og var 17 m.kr. á ári. Hins vegar hefur innri leiga hækkað umtalsvert á samningstímabilinu á meðan styrktarfjárhæðin hefur ekki hækkað en samningurinn var ekki verðbættur. Þá reyndist Covid tímabilið Dansverkstæðinu erfiður tími þar sem ýmsir styrkir féllu niður. Því hefur safnast upp skuld frá fyrri árum sem nemur 14,2 mkr. auk vaxta sem Dansverkstæðið ræður ekki við. Búið er að fara í aðgerðir til að tryggja rekstur félagsins með því að hækka þátttökugjöld og gera m.a. nýjan verðbættan samning við Reykjavíkurborg sem gildir frá 2024-2026 þar sem árlegur styrkur er 21 m.kr. Þá var einnig styrkur frá ríkinu hækkaður fyrir sama tímabil. Því er lagt til að farin verði sú leið að Reykjavíkurborg greiði 14,6 mkr. til Dansverkstæðisins og felli niður vexti upp á 0,4 m.kr. Fjármagnið yrði tekið af ófyrirséðum kostnaði og alfarið skuldajafnað upp í skuld Dansverkstæðisins við Eignasjóð, líkt og lagt er til í tillögu 1 í minnisblaði MÍR dags. 26.5.2024.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Minnisblaðs MÍR vegna skuldar Dansverkstæðisins við Eignarsjóð, dags. 26.5.2024.

Samstarfssamningur um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Dansverkstæðið, dags. 22.12.2023.



Reykjavík

Tillaga um viðauka vegna skuldar Dansverkstæðisins við Eignarsjóð.

MÍR óskar eftir 14,6 mkr inn í viðauka fyrir viðbótargreiðslu inn í samning við Dansverkstæðið og verður þeim styrk skuldajafnað upp í skuld Dansverkstæðisins við Eignarsjóð.

Starfsemi

Dansverkstæðið - vinnustofur danshöfunda, var stofnað árið 2010. Dansverkstæðið leigir æfingasali til sviðslistafólks; danslistafólks, leikhópa, óperuhópa og sirkuslistamanna. Einnig er hægt að leigja sali fyrir námskeið, fundi og aðra staka viðburði.

Dansverkstæðið er þungamiðja í uppbyggingu danslistarinnar í Reykjavík og stuðlar að auknum tækifærum fyrir danslistafólk. Reykjavík Dance Festival, Félag íslenskra listdansara og önnur félög og hagsmunasamtök danslistamanna hafa aðsetur í Dansverkstæðinu. Þannig er Dansverkstæðið sameiginlegur vettvangur þessara aðila og heimili dansins.

Forsaga og staðan

Dansverkstæðið er komið í mikið rekstarvanda. Forsögu þessa máls má rekja til ársins 2017-18 þegar Reykjavíkurborg gerði samning við Dansverkstæðið um afnot þess af húsnæði að Hjarðarhaga 47. Lagt var í töluverðan kostnað við að standsetja húsið og aðlaga það að nýju starfsemi. Kostnaður var um 45 m.kr.

Samningur borgarinnar kveður á um greiðslu Danshússins á almennu rekstrarkostnaði húsnæðis með greiðslu á innri leigu. Reykjavíkurborg gerði samning við Dansverkstæðið um að Reykjavíkurborg myndi greiða 17 m.kr. á ári. Hugsunin var sú að styrkur borgarinnar myndi vera greiðsla upp í húsnæðiskostnað Dansverkstæðisins.

Það sem hins vegar hefur gerst er það að innri leigan hefur hækkað umtalsvert á þessu tímabili á meðan að styrktarfjárhæðin hefur ekki hækkað. En þar sem að samningurinn er ekki með ákvæði um Verðbreytingar þá þyngist reksturinn hjá dansverkstæðinu ár frá ári. Þar sem að um langtímasamning var að ræða, hefði mögulega verið heppilegra að samningurinn hefði verið verðbættur miðað við neysluvísitölu.

Dansverkstæðið byrjaði að fara í vanskil við borgina í nóvember árið 2021 en þá hafði verið COVID og var það erfiður tími fyrir reksturinn hjá þeim þar sem að ýmsir styrkir féllu niður. Höfuðstóll skuld Dansfélagsins við Reykjavíkurborg er í dag eru um 14,6 m.kr. Þá hefur líka fallið vaxtakostaður á Dansverkstæðið og hafa þau verið að greiða dráttarvexti af skuld þeirra. Greiddir dráttarvextir síðustu ára eru samtals 2.406.406 kr.

Á árunum 2019 -2023 má sjá hvernig að innri leiga hefur hækkað í samræmi við styrkgreiðslur Reykjavíkurborgar til Dansverkstæðisins. Sjá nánar sundurliðun hér að neðan:

Ár	Innri leiga	Samningur	Mimunur
2019	19.502.140	17.000.000	2.502.140
2020	20.017.810	17.000.000	3.017.810
2021	20.859.734	17.000.000	3.859.734
2022	22.438.775	17.000.000	5.438.775
2023	24.458.283	17.000.000	7.458.283
Samtals	107.276.742	85.000.000	22.276.742

Nýr samningur við Dansverkstæðið að upphæð 21 m.kr. var undirritaður fyrir árin 2024 til 2026. Sömu leiðis hefur menningar- og viðskiptaráðuneytið hækkað samning sinn við Dansverkstæðið um eina m.kr. Þar með er búið að tryggja rekstrargrundvöll en ljóst er að óbreytt fyrirkomulag getur ekki gengið.

Nauðsynlegt er að bregðast við með einhverjum hætti varðandi vanskil við borgina og getur Dansverkstæðið ekki greitt upp þá skuld sem að það á við eignarsjóð nema með styrk frá borginni.

Búið er að fara í aðgerðir til að tryggja rekstur félagsins með að hækka þáttökugjöld, nýr samningur við Reykjavíkurborg og nýr samningur við ríkið sem hækka rekstrar tekjur félagsins. En eftir stendur skuld við borgina upp á 14,6 mkr sem þarf að greiða því annars verða þau að yfirgefa húsnæðið þar sem reksturinn þeirra getur ekki staðið undir því að greiða þessa skuld.

Tillaga 1

Reykjavíkurborg greiði Dansverkstæðinu húsnæðisstyrk upp á 14,2 mkr og felli niður vexti upp á 0,4 mkr. Það fjármang yrði tekið af ófyrirséðum kostnaði og myndi honum verða skuldajafnað upp í skuld Dansverkstæðisins við Eignarsjóð.

Tillaga 2

Dansverkstæðinu yrði gert að fara út úr húsinu og þau myndu finna sé ódýrara húsnæði. Þar sem að reksturinn myndi ráða við og styrkur borgarinnar út árið 2026 væri skuldajafnaður upp í skuld Dansverkstæðisins.



Andrés B. Andreassen Fjármálastjóri MÍR

Arnfríður S Valdimarstóttir Skrifstofustjóri Menningarborgarinnar.

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur, f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og
Dansverkstæðið, kt. 560710- 0700, gera með sér svofelldan:

SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Dansverkstæðið sem eru félagasamtök fyrir sjálfstætt
starfandi danshöfunda á tímabilinu 1. janúar 2024 til 31. desember 2026.

1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samstarfssamningi þessum er að styðja við þróun danslistar í Reykjavíkurborg og stuðla að því að skapa vettvang fyrir að greinin geti þróast í borginni. Með Dansverkstæðinu er verið að skapa aðstöðu fyrir danslistina og nauðsynlegt vinnurými á viðráðanlegum kjörum svo að nýjar hugmyndir verði að veruleika.

2. gr. Markmið og starfsemi Dansverkstæðisins

Dansverkstæðið er eini vettvangur sjálfstætt starfandi dansara og danshöfunda, og hefur skapað nýjan og frjóan grundvöll til samstarfs og tengslamyndunar. Í húsnæðinu að Hjarðarhaga 45-47 eru þrjú dansstúdíó sem og góð funda- og skrifstofuaðstaða.

Dansverkstæðið vinnur að því að auka gæði og faglega þróun listdansins með því að þjóna danslistamönnum á breiðum grundvelli. Unnið er að markmiðum með eftirtöldum hætti:

- Vinnuaðstaða fyrir dans- og sviðslistafólk
- Reglulegum þjálfunartímum fyrir atvinnudansara
- Námskeiðum sem tengjast dansi, líkamsþjálfun og líkamsvitund
- Þverfaglegum námskeiðum sem tengja dansara við aðrar listgreinar
- Gestavinnustofum fyrir innlenda og erlenda gestalistamenn
- Virkri þátttöku í alþjóðlegum samstarfsverkefnum
- Aðsetri fyrir fagfélog innan danslistarinnar, líkt og Reykjavík Dance Festival og Félag íslenskra listdansara
- Kynningarstarfi og samskiptum innanlands

Dansverkstæðið opnar rými sín fyrir þátttöku í borgarhátíðum s.s. Menningarnótt og Barnamenningarhátíð. Jafnframt kynnir það danslistina fyrir börnum og fjölskyldum þeirra með námskeiðum og öðrum viðburðum.

3. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að greiða Dansverkstæðinu fjárhæðina kr. 21.000.000,- árlega á tímabilinu 2024-2026. Framlaginu er einkum ætlað að standa straum af kostnaði við leigu húsnæðis undir starfsemi Dansverkstæðisins að Hjarðarhaga 45-47 sem er í eigu Reita fasteignafélags hf. Þar eru þrjú dansstúdíó sem og góð funda- og skrifstofuaðstaða. Núverandi samningur við Reiti gildir til ársins 2032.

Greiðsla framlags skiptist þannig á ári hverju:

Kr. 1.750.000, 1. – 3. hvers mánaðar, janúar – desember

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning Dansverkstæðisins nr. 513 - 26 – 42010, kt. 560710-0700.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna áráanna 2025 og 2026 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þeirra ára. Verði gerð umtalsverð breyting til lækkunar á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun samstarfsins að breyttri fjárveitingu.

4. gr. Ábyrgð

Dansverkstæðið ber ábyrgð á að starfsemi þess fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Dansverkstæðið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Dansverkstæðinu er með öllu óheimilt að framselja greiðslur samkvæmt samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

5. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Dansverkstæðisins hérlendis jafnt sem erlendis, skal koma fram að Dansverkstæðið sé styrkt af Reykjavíkurborg og skal Dansverkstæðið birta merki Reykjavíkurborgar á kynningarefni sínu.

6. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningarborgar á menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Dansverkstæðið. Samráðsfundir samningsaðila skulu haldnir í september ár hvert 2024-2026, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur að áherslum Dansverkstæðisins fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarborgarinnar skal boða til fundanna. Dansverkstæðið skilar þá ársreikningi fyrra árs, gerir grein fyrir rekstri og starfsemi yfirstandandi árs og skilar áætlun um starfsemi komandi árs.

7. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Dansverkstæðið hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal tengiliður Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð, er Reykjavíkurborg heimilt að fella niður greiðslur þar til Dansverkstæðið hefur sýnt fram á að það muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum, áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti eða rifta samningnum.

8. gr. Gildistími

Samningur þessu er gerður í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2024 er samþykkt var í borgarstjórn þann 5. desember 2023. Samningurinn gildir til 31. des. 2026.

9. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um samþykkt borgarráðs og samþykkt fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar vegna ára 2025 og 2026. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Samningurinn er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila samningsins.

María Rut Reynisdóttir

Tinna Grétarsdóttir

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Dansverkstæðisins